



Heilbrigðisráðuneytið
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Kópavogi, 8. maí 2024
24051201/999.00 JKR

Efni: Ósk um samtal um framtíð hjúkrunarsambýlisins Roðasala.

Fyrir hönd velferðarsviðs Kópavogs óskar undirritaður eftir fundi með ráðherra heilbrigðismála og/eða fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins vegna hjúkrunarrýma fyrir minnissjúka í Roðasölum. Vísað er í fund 8. desember með Sigurjóni Jónssyni, aðstoðarmanni ráðherra og Elsu B. Friðfinnsdóttur, sérfræðingi í ráðuneytinu, þar sem hugleiðingar um framtíð Roðasala voru ræddar.

Á fundinum kom fram að óformlegar viðræður hafa átt sér stað milli fulltrúa Kópavogs við Maríu Fjólu Harðardóttur, forstjóra Hrafnistu vegna opnunar nýrra hjúkrunarrýma á vegum Hrafnistu í Boðarþingi, vorið 2025. Ljóst er að tækifæri eru þar til að flytja íbúa Roðasala í ný hjúkrunarrými og ljúka þar með starfssemi hjúkrunarsambýlisins í Roðasölum í núverandi mynd.

Því er óskað eftir formlegum fundi við fyrsta tækifæri þar sem fulltrúar velferðarsviðs Kópavogs, Hrafnistu og ráðuneytisins geta hafið samtal og skipulagt vinnu við verklokaáætlun. Af virðingu við íbúa, aðstandendur og starfsfólk Roðasala er óskað eftir trúnaði um málið að svo stöddu.

Frekari upplýsingar veitir undirritaður í síma 843-0699 eða jonkristjan@kopavogur.is

Virðingarfyllst,

Jón Kristján Rögnvaldsson
Skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar

**Fylgiskjal 1.****Minnispunktur um stöðu Roðasala, afhent starfsfólki ráðuneytisins 8. desember 2023.**

Hjúkrunarsambýlið Roðasalið var sett á laggirnar 2005 og fagnar því 20 ára starfsafmæli árið 2025. Þar eru 10 langtímarými fyrir einstaklinga með heilabilun, auk eins skammtímarýmis en í húsinu er auk þess rekin dagþjálfun fyrir heilabilaða fyrir 20 manns. Upphaflega var um að ræða litla og þægilega einingu þar sem hægt var að veita mjög góða þjónustu til þeirra einstaklinga sem fyrst fluttu inn á heimilið. Síðustu árin hefur stofnunin hins vegar mætt mörgum áskorunum sem þarf að taka á sem fyrst.

Of þung þjónusta.

Vandinn er í grunn tvenns konar, annars vegar mjög óhagkvæmur rekstur en hins vegar er verkefnið einfaldlega orðið of þungt fyrir húsnæðið og sveitarfélagið. Þjónustan er þannig eðlis að hún þyngist eingöngu frá því sem upp var lagt með, fólk er lengur heima sbr. markmið hins opinbera og þegar þetta þjónustustig tekur við eru einstaklingar orðnir þyngri í þjónustu en áður. Þessa þróun í Roðasölum má t.d. sjá á þróun þyngdarstuðulsins Rug-III sem hefur hækkað á hverju ári en árið 2016 var hann að meðaltali í 0,8976 og er í 1,26 núna fyrir alla nema tvo íbúa. Þyngd þjónustunnar er því farin að hafa verulega slæm áhrif á starfsfólkið sem er beðið um að sinna verkefnum sem það getur ekki sinnt, langtímaveikindi eru orðin óeðlilega mikil á starfsstöðinni sem má rekja að miklu leyti til starfsaðstæðna en vegna þrengsla er ekki hægt að nota hjálpartæki við ákveðna hluta þjónustunnar. Á árinu 2023 fóru alls sex starfsmenn í veikindaleyfi skv. upplýsingum frá forstöðumanni.

Skipulag hjúkrunarheimila.

Í skýrslunni Viðmið um skipulag hjúkrunarheimila frá árinu 2022 eru gerðar lágmarkskröfur til húsnæðis og aðbúnaðar hjúkrunarrýma, en þar gert ráð fyrir að öll hjúkrunarrými séu einbýli og að innangengt sé úr hverju rými í baðherbergi. Lagt er upp með að íbúi geti farið hindrunarlaust á baðherbergi, á eigin vegum eða með aðstoð starfsfólks. Einnig er gert ráð fyrir lyftubraut úr herbergi inn á baðherbergi.

Skv. viðmiðunum skal gæta þess að íbúar komist vel fyrir með húsgögn sín og hjálpartæki. Tekið er fram að baðherbergið skuli vera rúmgott þannig að góð vinnuaðstaða sé fyrir tvo starfsmenn til aðstoðar fyrir heimilismann, á salerni eða í sturtu og gerð krafa um að hægt sé að veita aðstoð á þrjá vegu með aðstoða lyftara eða lyftubúnaðar. Einnig skal öll hönnun einkarýmis vera þannig að auðvelt sé að athafna sig með hvers konar hjálpartæki, svo sem hjólastóla og lyftara.

Ekki er gerð krafa um sérstök úrræði fyrir alla sem greindir eru með heilabilun, heldur ræðst það af því á hve háu stigi heilabilunareinkennin eru. Ekki er því lengur gert ráð fyrir að hluti hjúkrunarrýma séu sérstaklega ætluð einstaklingum með heilabilun heldur skal lögum samkvæmt skapa aðstöðu fyrir einstaklinga með heilabilun.



Óhentugt húsnæði.

Í nýlegri skýrslu vinnueftirlitsins eftir heimsókn í Roðasali kemur fram að þar sem flestir íbúar þurfa tvo starfsmenn til að aðstoða við sturtuferðir er aðstoða til böðunar ófullnægjandi. Vegna smæðar baðherbergja er notkun hjálpartækja því takmörkuð sem skapar slysa- og meiðslahættu fyrir íbúa og starfsfólk. Íbúar hafa ekki sér aðgang að baðherbergjum í Roðasölum heldur deila 10 íbúar fjórum baðherbergjum.

Kröfúlýsing fyrir hjúkrunarþými. Synjun á beiðni um undanþágu.

Vegna takmarkana á húsnæði Roðasala sem raktar hafa verið hér að framan hefur stofnunin ekki bolmagn til sinna íbúum hvernar þjónusta krefst notkunar stórra hjálpartækja og hefur því verið leitast eftir formlegu samstarfi við Hrafnistu um að flytja íbúa þangað sem þurfa þjónustu sem ekki er hægt að veita í Roðasölum. Í apríl 2017 var óskað eftir undantekningu frá kröfu 2.1.1 í kröfúlýsingu Roðasala, sem var synjað með bréfi frá Sjúkratryggingum Íslands í október 2017. Skýrt er tekið fram að ekki er unnt að veita stofnunum undanþágu frá þeirri tilteknu kröfu enda kveður hún á um hlutverk hjúkrunarheimila.

Að mati forstöðumanns Roðasala þarf að breyta mönnunarmódeli og húsakynnum Roðasala ef ekki er hægt að flytja íbúa sem þurfa hjúkrun sem krefst plássfreks búnaðar.

Griðarlegur halli á rekstrinum.

Í skýrslu verkefnastjórnar Heilbrigðisráðuneytisins frá apríl 2021 var sett fram greining á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila. Í skýrslunni kemur fram að tekið er mið af RUG stuðlum (niðurstöður InterRai mats) við útreikning á daggjöldum sem hvert hjúkrunarheimili fær. Þannig eiga heimilin að fá tekjur til að mæta kostnaði vegna hjúkrunarþýngdar. Hærri RUG stuðlar skila sér þó ekki í hærri tekjum fyrr en með nokkurri töf, þ.e. daggjöldin miða við sögulegt meðaltal RUG stuðuls viðkomandi hjúkrunarheimilis en ekki stuðulinn eins og hann er metinn á hverjum tíma. M.ö.o. getur nokkur munur myndast á metnum RUG stuðli og þeim sem greitt er eftir. Heimilin geta því þurft að taka á sig aukinn kostnað, ef hjúkrunarþýngd eykst, en tekjurnar aukast ekki fyrr en talsvert síðar. Þá er rétt að hafa í huga að RUG stuðull mælir ekki alltaf vel kostnað við umönnun. Gagnrýnt hefur verið að matið miði um of við þarfir vegna endurhæfingar og meti ekki vel hjúkrunarþýngd fólks sem er líkamlega vel á sig komið en þarf mikla athygli, svo sem heilabílaðir.

Árið 2022 var hallinn vegna reksturs hjúkrunarhluta Roðasala tæplega 62.000.000,- kr. og uppsafnaður halli á rekstrinum frá og með 2019 nemur 263.000.000,- kr.

Gildandi samningur.

Í gildi er samningur á milli Sjúkratrygginga Íslands og Kópavogsbæjar sem var framlengdur í mars 2022 til 31. mars 2025. Samningurinn er uppsegjanlegur með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. ákvæði um verklókaáætlun. Sami uppsagnarfrestur gildir um einstök pláss.

Framundan eru tækifæri til að vinda ofan af starfsemi hjúkrunarsambýlisins samhliða uppbyggingu í Boðapíngi þar sem áætlað er að taka í notkun ný rými árið 2025.



Frumkvæðisathugun 2024.

Í janúar 2024 vann fyrirtækið Attentus að frumkvæðisathugun í Roðasölum vegna erfiðs starfsanda á vinnustaðnum. Í niðurstöðum athugunarinnar kom skýrt fram að starfsfólk telur að húsnæðið sé ekki hannað til þess að veita jafn þunga umönnun og nú er verið að mæta. Til dæmis þyrfti loftlyftara við en hann myndi ekki passa inn í húsnæðið. Það er ekki heldur pláss í húsnæðinu til að geyma önnur hjálpartæki, t.d. hjólastóla. Þá eru sameiginleg salerni þröng og afar erfitt að aðstoða íbúa þar. Vegna smæðar húsnæðisins er hvergi rými til þess að vera í næði með íbúa auk þess sem það geta skapast mikil læti í sameiginlegu rými.

Heimildir.

Skipulag hjúkrunarheimila (Febrúar 2022). Lágmarksviðmið um byggingu og starfssemi hjúkrunarheimila. 3. útgáfa. Heilbrigðisráðuneytið. [Stjórnarráðið | Viðmið um skipulag hjúkrunarheimila, 3. útgáfa \(stjornarradid.is\)](#)

Greining á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila. (Apríl 2021). Heilbrigðisráðuneytið. <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2021/04/23/Greining-a-rekstrarkostnadi-hjukrunarheimila/>

Kröfulýsing fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými – 3. útgáfa (September 2016). Heilbrigðisráðuneytið. <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2016/10/21/Krofulysing-fyrir-hjukrunarrymi-og-dvalarrymi-Utgafa-III/>